



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Fréttabréf

Maí 2015 - 13. árgangur, 2. tölublað

Rangárfing eystra
Hlíðarvegur 16
860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200 - Fax: 488-4209

Vefur: www.hvolsvollur.is

Umsjón: Guðlaug Svansdóttir,
Ábyrgð: Ísólfr Gylfi Pálmason



Hvolsskóli

Það er búið að vera mikið um að vera í Hvolsskóla á þessu vori sem á öðrum tímum. Þemaðagar skólans tókust vel í ár en þemað snérist að miklu leyti um Smáþjóðaleikana sem haldnir verða í Reykjavík í byrjun júní, en Blossi, lukkuðyr smáþjóðaleikanna mætti á vorhátíðina. Ýmis verkefni sem börnin unnu á þemaðögum eru farin til Reykjavíkur og verða til sýnis og prýði á Smáþjóðaleikunum.

Á hverju vori fara allir nemendur skólans í vorferð. Miðstigið og 1.-3. bekkur fóru í ferð undir Eyjafjöllin, 4. bekkur fór til Vestmannaeyja, 8. bekkur fór í þriggja daga reisu á Snæfellsnesið, 9. bekkur fór í Þórsmörk og 10. bekkur í útskriftarferð til Danmerkur. Vorferðirnar okkar hafa náð ákveðinni festu og svipað snið á þeim ár frá ári.


Næsta skólaár verður 170 dagar eins og undanfarin ár. Einnig hefur verið ákveðið að breyta fyrirkomulagi á annarkerfinu en við munum hafa þriggja anna kerfi næsta skólaár, til reynslu. Tekin verður ákvörðun um framhaldið undir vor 2016. Skólaslit og útskrift 10. bekkinga fór fram þann 22. maí s.l. Það voru samtals 23 nemendur sem kvöddu grunnskólann sinn og halda áfram þroskagöngu sinni í námi og starfi. Næsta haust bætast við 13 nýir nemendur í 1. bekk og verður ánægjulegt að taka á móti þeim.

Með sumarkeðjum úr Hvolsskóla og þökk fyrir samfylgd og samveru í vetur.



Vortónleikar Barnakórsins

Í lok apríl hélt barnakór Hvolsskóla sína árlegu vortónleika í Hvolnum. Kórinn hefur starfað í allan vetur undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur tónlistarkennara. Það eru hátt í 40 nemendur í barnakórnum og hefur starf kórsins verið líflegt og má þar helst nefna jólatónleika kórsins sem voru einstaklega fallegir. Einnig tók kórinn þátt í setningu Friðarhátíðar Reykjavíkurborgar og söng í Ráðhúsi Reykjavíkur.



Sumaropnun
skrifstofu
sveitarfélagsins

Mánudaga – fimmtudaga
kl: 08.00- 16.30.

Föstudaga kl: 08.00-13.00

„Glöggt er gests augað“ – gerum betur í umgengni í sveitarfélaginu.

Nú fer sumarið í hönd og miklu máli skiptir að við göngum vel um umhverfi okkar og að bæði sveitarfélag og íbúar kappkosti snyrtimennsku. Sagt er að „glöggt sé gests augað“ og á ári hverju eykst gestagangur til landsins, ljóst er að á þessu ári munu yfir milljón manns sækja Ísland heim og er líklegt að um 50-60% þeirra heimsæki sveitarfélag okkar. Landbúnaður er grunnatvinnugrein sveitarfélagsins, þar fer fram matvælaframleiðslan og lykilyfirtæki okkar í úrvinnslu landbúnaðarafurða eru Sláturfélag Suðurlands og MS. Sífelld eru gerðar meiri kröfur til afurðarframleiðslunnar. Snyrtimennska og góð umgengni í dreif- og þéttbýli er afar mikilvægur þáttur í mynd góðra landbúnaðarafurða. Snyrtileg vel máluð bændabýlin eru stór þáttur í þessari ímyndasköpun. Ferðapjónustan vex með ári hverju og vinsælt er að bjóða uppá mat sem framleiddur er í héraði. Þetta gefur enn meiri möguleika á að kynna okkar góðu afurðir. Ég á mér alltaf þann draum að Sláturfélagið setji upp sælkeraverslun á Hvolsvelli, þar sem til sölu verði þeirrar frábæru afurðir. Annar draumur okkar er að stærsti hluti skrifstofuhalds félagsins flytji hingað. Sláturfélagið er yfir hundrað ára gamalt fyrirtæki sem aldrei hefur skipt um kennitölu þessi aldur fyrirtækja er nánast einsdæmi hér á landi. Ferðapjónustutíminn er gjörbreyttur nú tala menn um að febrúarmánuður hafi verið eins og júnímánuður hafi verið fyrir tveimur árum. Mikil gerjun og uppbygging er í ferðapjónustunni í héraði sem er spennandi og enn eru einstaklingar að róa að því öllum árum að byggja upp eldfjallamiðstöð á Hvolsvelli, í Skálakoti er að rísa nýtt

hótel, áframhaldandi uppbygging er í Drangshlíð og víðar. Samvinna okkar í austurátt með Kötlu jarðvang gengur vel og nýtt kort hefur verið prentað fyrir Rangárþing og Mýrdal „Power and Purity“ eða Kraftur, fegurð og ferskleiki og geta ferðapjónustuaðilar og áhugasamir nálgast kortið í upplýsingamiðstöðinni í Sögusetrinu. Á fundi sveitarstjórnar í apríl s.l. var ársreikningur Rangárþings eystra 2014 samþykktur. Skemmst er frá því að segja að rekstur sveitarfélagsins gengur vel. Rekstrartekjur nema kr. 1.343.084.000 rekstrargjöld án afskrifta eru kr. 1.186.435, afskriftir eru kr. 70.000.064. Rekstramiðurstaða samantekinna reikningsskila er 68.017.000. Hreint veltufé frá rekstri er 104 millj. Eða 8,2 % í hlutfalli við rekstrartekjur allt yfir 7% er talið gott en landsmeðaltalið er 7,7%. Langtímaskuldir A og B hluta eru 511 millj. Því deilt upp með veltufé þá fáum við út 4.92 ár en afborgun og uppgreiðslur. Skuldahlutfall er talssvert undir landsmeðaltali eða 54% en má vera 150% sbr. sveitarstjórnarlög. En langtímalánum á árinu námu 77.9 m.kr. Veltufjárhlutfall er 2,68 hjá A hluta sveitarsjóðs en í samanteknum reikningsskilum A og B hluta 1.71. Einn af mörgum þáttum sem skiptir máli í rekstrinum er verðbólga sem var með minnsta móti á síðasta ári. Miklar blikur eru á lofti í efnahagsmálum þjóðarinnar vonandi göngum við ekki í gegnum einhverjar kollsteypur í þeim efnum einnig í ósk og von um að sumarið verði sólríkt og gjöfult.

*Ísólfur Gylfi Pálmason,
Sveitarstjóri.*

Fjórar fá ART réttindi

Fjórir starfsmenn á leikskólanum Örk hafa lokið 36 stunda ART námskeiði ásamt 12 vikna verknámi. Eftir þessa þjálfun eru þær komnar með ART réttindi. Þetta eru þær Ingibjörg Sæmundsdóttir, Erla Berglind Sigurðardóttir, Unnur Óskarsdóttir og Anna Kristín Helgadóttir.



17. júní hátíðarhöld í Rangárþingi eystra

Hátíðarhöld 17. júní 2015 verða með hefðbundnum hætti í sveitarfélaginu og verður dagskrá á eftirtöldum stöðum; Hvolsvelli, Goðalandi Fljótshlíð, Heimalandi V-Eyjafjöllum, Gamla félagsheimilinu A-Eyjafjöllum og Njálsbúð V-Landeyjum. Frekari upplýsinga má vænta þegar nær dregur að hátíðarhöldum

Vorhreinsun

í Rangárþingi eystra 29. maí - 7. júní 2015

Árleg vorhreinsun í Rangárþingi eystra er framundan og eru allir hvattir til að fegra umhverfið sitt m.a. með hreinsun lóða, garða, girðinga og umhverfi býla. Gámar verða staðsettir á eftirtöldum stöðum; Skógum, Heimalandi, A-Landeyjum, V-Landeyjum og Fljótshlíð. Umgengni lýsir innri manni og öll viljum við vera stolt af okkar fallega sveitarfélagi.

Birna Sigurðardóttir nýr skólastjóri Hvolsskóla

Birna Sigurðardóttir hefur verið ráðin skólastjóri Hvolsskóla. Birna er íbúum sveitarfélagsins vel kunnug en hún hefur gengt stöðu deildastjóra og verið staðgengill skólastjóra undanfarin ár í Hvolsskóla. Birna er gift Péttri Halldórssyni og búa þau á Hvolsvelli.



Hundar og kettir

Hundaeigendum er bent á að lausaganga hunda í þéttbýli er bönnuð og á það líka við um hesthúsahverfin á Hvolsvelli. Kattaeigendur í þéttbýli þurfa að kynna sér vel reglur sem gilda fyrir ketti á þessum árstíma. Reglurnar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins undir reglugerðir og samþykktir.



Hermann Einarsson fór á topp Kilimanjaro

Hermann Einarsson frá Hvolsvelli gekk á Kilimanjaro í byrjun þessa árs. Hann var einn af átta leiðangursmönnum sem fóru í ferð með íslenskum Fjallaleiðsögumönnum. Leifur Örn Svavarsson var fararstjóri hópsins. Kilimanjaro er hæsta staka fjall í heimi, það rís um 4600m yfir nánasta umhverfi sitt og býður því upp á stórkostlegt útsýni. Fjallið sjálft er 5895m hátt. Áður en Kilimanjaro var gengið var farið í aðlögunargöngur m.a. á Merufjall sem er 4566m hátt og er á sömu slóðum. Lesa má ferðalýsingu hans á hvolsvollur.is

Tour de Hvolsvöllur - Hvolsvöllur.is - Kjötsúpuhátið

Tour de Hvolsvöllur fer fram þann 27. júní n.k. og verður með nokkuð hefðbundnum hætti. Þó verður sú breyting á að flokkaskipta þátttakendum eftir aldri, bæði í kvenna og karla flokkum. Eftirfarandi flokkar verða; 18-30 ára, 31-40 ára, 41-50 ára og 51 + . Þann sama dag verður Hvolsvöllur.is hátíðin, hátíð allra íbúa í sveitarfélaginu, þá komum við saman á miðbæjartúninu okkar, grillum, syngjum og eigum góðar stundir.

Kjötsúpuhátiðin verður haldin helgina 28.-29. ágúst n.k. Súpurölt verður á föstudeginum og íbúar skreyta götur eftir litum. Á laugardeginum verður árleg kjötsúpuhátið með öllu tilheyrandi.

Aðalskipulag Rangárþings eystra undirritað á 200. fundi sveitarstjórnar

Á 200. fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra var nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins undirritað. Nokkrar áherslubreytingar eru í nýju aðalskipulagi. Má þar helst nefna flokkun landbúnaðarlands og verndun lands, nýr þéttbýlistaður, þróun byggðar og áfangastaðir Kötlu jarðvangs eru nú sérmerktir. Fundurinn var haldinn þann 15. maí 2015 í félagsheimilinu Goðalandi í Fljótshlíð.



Frá leikskóla

Leikskólinn Örök hefur átt í farsælu samstarfi við Hvolsskóla við að brúa bilið milli skólastiga og að auka samstarf sín á milli og er sú vinna í sífelldri þróun. Markvisst er unnið að því að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla með samkenndu beggja skólastiga og viðhalda tengslum milli elstu nemendanna á leikskólanum og yngstu nemendanna í grunnskólanum.

Liður í brúun skólastiganna er að fara með nemendurna reglulega í grunnskólann, íþróttamiðstöðina, bókasafnið og tónlistarskólann með það fyrir augum að þau kynnist aðstæðum, húsakosti, starfsfólki og tilvonandi samnemendum sínum. Nemendur taka þátt í smíðjum með 1. bekk Hvolsskóla á vorönn, borða í mótuneyti skólans nokkrum sinnum, taka þátt í þemadögum að vori og mæta á ýmsar sýningar og uppákomur í Hvolsskóla.

Samstarf heimilis og skóla er mikilvægur hlekkur í upplifun barna á mörkun skólastiga. Til að leggja grunninn að farsælli samvinnu milli heimili og skóla hafa skólastiginn komið á fót svokölluðum skólafærinámsskeiðum í von um að koma í veg fyrir það óöruggi sem foreldrar finna gjarnan fyrir



þegar komið er að þessu skrefi, sem og efla öryggi barnanna sem eru að hefja grunnskólagöngu sína. Á þessum námsskeiðum, sem eru í þremur hlutum, gefst foreldrum færi á að kynnst öðrum foreldrum ásamt skólastarfinu þar sem farið er yfir væntingar og hlutverk allra aðila svo eitthvað sé nefnt.

Það er ljóst að þeir 13 nemendur sem útskrifast frá leikskólanum Örök þann 28. maí næstkomandi eru fullir eftirvæntingar að takast á við ný verkefni og hafa fengið gott veganesti og undirbúning í vetur.

Leikskólinn Örök er með sumarlokun frá og með 1. júlí til 29. júlí.



Leikjanámsskeið Dímónar sumar 2015

Frjálsíþróttadeild Dímónar stendur fyrir leikjanámsskeiðum á Hvolsvelli í sumar. Fyrsta námsskeiðið hefst þriðjudaginn 26. maí - 5. júní, annað námsskeiðið er frá 8.-

19. júní. Ef nægur fjöldi fæst á þriðja námsskeiðið þá verður það haldið frá 22. júní - 3. júlí. Sjá má allar upplýsingar á dimonsport.is

NÁLA margmiðlunarsýning opnaði í Sögusetrinu



Sýningin NÁLA opnaði þann 5. maí s.l. í Sögusetrinu. Boðsgestir á opnunina voru börn úr leik- og grunnskóla á Hvolsvelli og vakti sýningin mikla lukku hjá þeim. Sýningin kom beint í Sögusetrið frá Þjóðminjasafninu og er sýningin byggð á samnefndri barnabók eftir Evu Þengilsdóttur sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2014. Sagan er óður til íslensks menningararfs og um



leið ævintýri um valið milli góðs og ills, stríðs og friðar. Sýningin verður opin til 30. júní 2015.

Tumastaðir og Vistheimt

Í vor hafa nemendur í 2., 4., 6., 8. og 10. bekk Hvolsskóla, farið inn að Tumastöðum í Fljótshlíð að vinna í skóginum við stígagerð og ýmis önnur verkefni. Verkefnið er liður í umhverfismenntun og tengt Grænfánanum. Laufblaðið, blað umhverfisnefndar skólans, var gefið út og lýsir það metnaðarfullu starfi nefndarinnar og skólans í umhverfismálum. Þá hafa nemendur skólans unnið að tilraunaverkefni sem nefnist Vistheimt. Verkefnið er í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Landvernd. Vistheimt er

skilgreint sem það ferli að aðstoða við endurheimt vistkerfis sem hefur hnignað, skemmst eða verið eyðilagt. Verkefnið felst í því að gera tilraunir með mismunandi aðferðir við uppgræðslu örfoka lands. Gerðir voru 50 tilraunareitir og þeir meðhöndlaðir vísindalega og í haust fara nemendur aftur á svæðið og gera mælingar og talningar, að því loknu vinna þau úr gögnunum og skrá. Þau fara svo hvert haust það sem eftir er af skólagöngu og fylgjast með framvindu verkefnisins.

Vinnuskóli Rangárþings eystra sumarið 2015

Vinnuskóli sveitarfélagsins byrjar 1. júní og lýkur 31. júlí. Það verða um 30 ungmenni sem koma til með að vinna í vinnuskólanum í sumar.

Verkstjóri vinnuskólans verður Linda Rut Kristinsdóttir og flokkstjórnarnir verða þrír en það eru þær Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Assa Ágústsdóttir og Ragnheiður Elín Gunnarsdóttir. Flokkstjórnarnir fara á námskeið á Selfoss í samvinnu við Vinnuskólann á Selfossi.

Vinnuskólinn hjá okkur er meira en bara unglíngavinna eins og þekktist hér áður fyrr, núna er aukin fræðsla fyrir ungmennin t.d. um fjármál, vinnusiðfræði, líkamsbeitingu, vímuefni, stéttarfélög, skyndihjálp ofl.

Í sumar verður nýjung hjá vinnuskól-



anum en hópur frá vinnuskólanum verður með gjörninga víðsvegar um sveitarfélagið í samvinnu við Sögusetrið. Þetta gæti verið upplestur, leikrit, söngatriði ofl. Tökum tillit til unga fólksins okkar sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnu- markaðinum og sýnum þeim áhuga og virðingu.

Jenný safnaði á þriðja hundrað þúsund fyrir íbúa í Nepal

Jenný Zarembo er búin að vera á Íslandi í fjögur ár og unnið á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli í þrjú ár.

Jenný bjó um tíma í Nepal og á vini þar, hún vill leggja sitt af mörkum fyrir íbúana sem lentu í miklum jarðskjálfta í apríl s.l. og fékk til liðs við sig vini og vinnufélaga til að gera söfnunin að veruleika.

Allur ágóði fór til samtakanna <https://www.betterplace.org>, um er að ræða þýsk hjálparamtök og hefur Jenný nú þegar komið ágóða söfnunarinnar til samtakanna.



Aðstandendadagur með afmælisívaði

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvoll er 30 ára á árinu og í tilefni þess verður aðstandendadagur Kirkjuhvals með afmælisívaði þann 14. júní n.k. Opið hús og afmælisívaði verður frá kl 14-17. Allir velkomnir.



Baldur gerir við reiðhjól á Hvolsvelli



Baldur Ólafsson á Hvolsvelli hefur um árabíl tekið að sér að yfirfara og gera við reiðhjól á Hvolsvelli. Hann hefur komið sér upp ágætis aðstöðu í bílskúrnum sínum í Norðurgarði á Hvolsvelli. Hægt er að ná í hann í síma 899-3380

Sumaropnun sundlaugar og íþróttamiðstöðvar

1. maí - 30. september
Mánudaga – föstudaga
kl: 06:00 – 20:45.

Laugardaga og sunnudaga
kl: 10:00 – 18:45.